



Alþýðusamband Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023
Tilvísun: M202310-0596

Sent á netfangið nefndasvid@althingi.is

Umsögn frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) ítrekar enn þær áhyggjur sem sambandið lýsti af stöðu framhaldsfræðslunnar í kjölfar niðurlagningar Menntamálastofnunar. Þessar áhyggjur koma fram umsögnum um nýja þjónustustofnun á sviði menntamála sem sambandið skilaði 10. mars og 9. maí sl. í samráðsgátt stjórnvalda.

ASÍ hefur frá upphafi barist fyrir bættri stöðu framhaldsfræðslunnar. Með breytingu á skipan ráðuneyta 2022 var framhaldsfræðslan færð frá MRN til FRN en mikilvægt er að tryggja að þessi tilfærsla hafi ekki neikvæð áhrif á viðurkenningu og gildi menntunar innan kerfisins. Í framkomnum drögum er framhaldsfræðslu og þeim verkefnum hennar sem áður voru á höndum Menntamálastofnunar hvergi gerð skil og þeim ekki ætlaður staður innan nýrrar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

ASÍ, sem einn eigenda Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), leggur ríka áherslu á að hugað verði að þeim verkefnum FA sem áður voru hjá Menntamálastofnun (MMS) og að áframhaldandi framgangur þeirra verði tryggður. Hér er um að ræða vottun námsskráa framhaldsfræðslunnar og birtingu þeirra í námskrárgrunni, viðurkenningu fræðsluaðila, aðferðafræði raunfærnimats og viðurkenning þess.

ASÍ ítrekar því enn og aftur mikilvægi þess að skýrt verði sem fyrst hvernig þessum verkefnum verði háttað í framtíðinni og hver muni bera ábyrgð á þeim.

F.h. Alþýðusambands Íslands
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir
Sviðsstjóri Fræðslusviðs